

Reglur um frístundastyrk í Sveitarfélaginu Hornafirði

1. gr. Markmið og tilgangur

Sveitarfélagið Hornafjörður veitir foreldrum/forráðamönnum barna á aldrinum 6-18 ára frístundastyrki vegna þátttöku í skipulögðu íþrótt- og frístundastarfi, hér eftir nefnt „frístundastarf“.

Meginmarkmið frístundastyrksins er að öll börn á aldrinum 6-18 ára geti tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfi óháð efnahag fjölskyldna. Meginskilyrði styrksins er að starfsemin sé á forsendum uppeldislegra gilda og forvarna.

Vísað er til 1. greinar æskulýðslaga nr. 70 frá 2007.

„Með æskulýðsstarfi er átt við skipulagða félags- og tómstundastarfsemi þar sem börn og ungmenni starfa saman í fristundum sínum að hugsjónum, markmiðum og áhugamálum sem þau sjálf meta að verðleikum. Í skipulögðu æskulýðsstarfi skal hafa í huga félags-, forvarna-, uppeldis- og menntunarleg gildi þess sem miðar að því að auka mannkosti og lýðræðisvitund þátttakenda.“

Vísað er til 2. greinar íþróttalaga nr. 64 frá 1998.

„Meginmarkmið aðgerða ríkis og sveitarfélaga á sviði íþróttamála skal vera að stuðla að því að allir landsmenn eigi þess kost að iðka íþróttir við sem hagstæðust skilyrði. Samstarf ríkis og sveitarfélaga við hina fjálsu íþróttahreyfingu skal taka mið af gildi íþróttaiðkunar fyrir uppeldis- og forvarnastarf“.

2. gr. Skilyrði fyrir veitingu frístundastyrks

- Að barnið eigi lögheimili í Sveitarfélaginu Hornafirði og sé á aldrinum 6-18 ára. Börn sem verða 6 ára á árinu eiga rétt á styrk frá 1. janúar það ár og út árið sem þau eru 18 ára.
- Börn sem flytja í sveitarfélagið fá fullan styrk á því ári sem flutt er.
- Börn sem stunda íþróttir eða frístundir í öðrum sveitarfélögum eiga rétt á frístundastyrk falli sú ástundun undir skilyrði í reglum þessum.

3. gr. Almenn um frístundastyrk og úthlutunarreglur

- Frístundastyrknum er úthlutað til barna í formi styrks sem foreldrar/forráðamenn ráðstafa til þeirra aðila er standa fyrir skipulögðu frístundastarfi og falla undir styrkhæfisreglur sveitarfélagsins.
- Með frístundastyrknum má greiða að fullu, eða hluta, fyrir íþrótt-, lista- og/eða aðra frístundastarfsemi á vegum einstaklinga, félaga og fyrirtækja.
- Foreldrar/forráðamenn barna geta ráðstafað frístundastyrknum hvenær sem er á árinu og óháð fjölda greina/námskeiða.

- Styrkupphæð er í samræmi við gildandi samþykkt bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Hornafjarðar hverju sinni og getur aldrei orðið hærri en æfinga-/námskeiðsgjald viðkomandi frístundatilboðs.
- Ekki er heimilt að nýta frístundastyrkinn til að greiða sérstakan viðbótarkostnað svo sem vegna tækja og búnaðar, fatnaðar og ferða.
- Ráðstöfun er endanleg. Ekki er hægt að endurgreiða eða bakfæra styrk þegar foreldri/forráðamaður hefur ráðstafað honum. Hafi frístundastyrkur ekki verið nýttur að hluta eða fullu falla eftirstöðvar niður um áramót.

4. gr. Skipulagt frístundastarf og styrkhæfi félaga/námskeiðshaldara

Velferð og hagur barna skal hafður að leiðarljósi í frístundastarfi og í samræmi við ákvæði laga og reglugerða er varða börn og ungmenni. Skipulagt frístundastarf þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði til að teljast styrkhæft:

- a) Að um sé að ræða skipulagt frístundastarf eða kennslu. Lögð er áhersla á að þjálfarar og leiðbeinendur séu menntaðir fagaðilar á sviði íþróttar, lista, frístunda eða kennslu. Börn undir 18 ára aldri skulu ekki starfa við þjálfun, kennslu- eða leiðbeinendastörf ein síns liðs. Fagaðili getur þó haft einstaklinga undir 18 ára aldri sér til aðstoðar.
- b) Hægt er að ráðstafa styrk til greiðslu lengri og/eða styttri námskeiða, svo framarlega sem námskeiðið uppfylli önnur skilyrði um styrkhæfi.
- c) Starfsemi sem telst styrkhæf er starfsemi á vegum íþróttar- og frístundafélaga, nám við tónlistarskóla, skipulögð námskeið s.s. listnámskeið, námskeið innan líkamsræktarstöðva, sjálfsstyrkingarnámskeið og önnur þau námskeið sem uppfylla markmið æskulýðs- og íþróttalaga.
- d) Hægt er að ráðstafa frístundastyrk til að greiða niður kort í líkamsræktarstöð sem gilda í 3 mánuði eða lengur fyrir 16 ára og eldri að uppfylltum ákveðnum skilyrðum um fræðslu til iðkenda og utanhald. Heimildin gildir frá áramótum þess árs sem börnin verða 16 ára og út árið sem þau verða 18 ára.
- e) Starfsemi sem ekki telst styrkhæf er frístund (lengd viðvera) eftir skóladag í grunnskóla, starfsemi trúfélaga og annarra lífsskoðunarfélaga og stjórnmalasamtaka.
- f) Námskeiðshaldari eða forsvarsmaður félags sækir um aðild að frístundakerfi sveitarfélagsins á heimasíðu þess og undirritar samning að uppfylltum reglum um styrkhæfi.
- g) Aðild að frístundastyrknum má ekki verða til þess að gjaldskrár/æfingagjöld aðila hækki óeðlilega milli ára.
- h) Frístundafulltrúi metur hvort einstakir aðilar uppfylli skilyrði reglna. Leiki vafi á styrkhæfi ber hann tillögur sínar undir fræðslustjóra og eftir atvikum fræðslu- og tómsundanefnd.

5. gr. Um samstarfssamning

Frístundafulltrúi metur hverja umsókn og veitir aðilum, sem uppfylla skilyrði, aðgang að frístundastyrkjakerfinu. Gerður er samningur um frístundatilboð á grundvelli umsóknar þar sem eftirfarandi upplýsingar koma fram:

- a) Nafn, kennitala, heimilisfang, símanúmer, netfang og heimasíða námskeiðshaldara.
- b) Tegund og heiti námskeiðs.
- c) Tímafjöldi og tímabil námskeiðs og námskeiðslýsing.
- d) Nafn, kennitala, menntun og reynsla leiðbeinanda.
- e) Gjaldskrá.
- f) Upplýsingar um aðstöðu/húsnæði.

6. gr. Greiðslur og meðferð tölfræðigagna

Námskeiðshaldarinn/félagið nýtir sér NORA námskeiðakerfi til skráningar á námskeiðum og þátttöku barna og ungmenna. Uppgjör byggir á rafrænni skráningu í NORA þar sem fram kemur iðkendafjöldi sem nýtir frístundastyrkinn sem hluta af greiðslu til félagsins, tíðni iðkunar og hvaða grein er stunduð. Einnig kemur fram heildarfjöldi iðkenda í aldurshópnum og iðkun greind eftir aldri, kyni og heildariðkun. Sveitarfélagið Hornafjörður áskilur sér rétt til að nýta allar upplýsingar í úrvinnslu og birtingu tölfræðigagna varðandi frístundaiðkun eftir því sem lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000, heimila.

Sveitarfélaginu er einnig heimilt í samræmi við lög nr. 77/2000 að nýta sér netföng íbúa sem til verða við námsskeiðsskráningar. Netföng verða þá nýtt til samskipta við íbúa m.a. til upplýsinga um stöðu og útgreiðslu styrksins.

Samþykkt í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar

10. mars 2021
Matthildur Ásmundardóttir
bæjarstjóri